GRUNDASKÓLI KYNNIR

# ÚLFUR ÚLFUR

SÖNGLEIKUR EFTIR EINAR VIÐARSSON, FLOSA EINARSSON & GUNNAR STURLU HERVARSSON



2024

Grundaskóli

# Úlfur Úlfur

Miðasala fer fram í Grundaskóla á opnunartíma skólans í síma 433-1400



Miðasala opnar einnig í Grundaskóla tveimur tímum fyrir hverja sýningu

## Sýningar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frumsýning: | Föstudaginn 26. janúar | 19:00 | Uppselt! |
| 2. sýning: | Sunnudaginn 28. janúar | 17:00 | |
| 3. sýning: | Mánudaginn 29. janúar | 19:00 | |
| 4. sýning: | Þriðjudaginn 30. janúar | 19:00 | |
| 5. sýning: | Fimmtudaginn 1. febrúar | 19:00 | |
| 6. sýning: | Föstudaginn 2. febrúar | 19:00 | |
| 7. sýning: | Sunnudaginn 4. febrúar | 17:00 | |



Sýnt verður á sal Grundaskóla



Miðaverð: 3000 kr.
Hægt verður að greiða með greiðslukorti



Hægt verður að kaupa veitingar fyrir sýningu og í hléi






Espigrund 1 - 300 Akranesi
Sími: 433-1400
grundaskoli@grundaskoli.is
www.grundaskoli.is

Grundaskóli
Akranesi

Leikstjórn: Einar Viðarsson

Tónlistarstjórn: Flosi Einarsson og Margrét Saga Gunnarsdóttir

Búningahönnun: Eygló Gunnarsdóttir og Victoria Rachel Zamora

Danshöfundur: Sandra Ómarsdóttir

Hár og förðun: Aldís Rós Hrólfsdóttir, nemendur og foreldrar

Framkvæmdastjórn: Hjördís Dögg Grímarsdóttir, Íris Aðalsteinsdóttir og Örn Arnarson

Hönnun leikskrár: Snorri Kristleifsson og Íris Aðalsteinsdóttir

Hönnun forsíðu: Ronja Vala og Sunna Dís

Ljósmyndir: Örn Arnarson

Markaðsmál: Hjördís Dögg Grímarsdóttir

Sviðsmynd: Auður Líndal, Einar Viðarsson og foreldrar

Lýsing: Ingimar Elfar Ágústsson

Sérstakar þakkir fá foreldrar þátttakenda og aðrir sem lagt hafa verkefninu lið.




# „Framtíðin er björt með unga fólkið okkar í fararbroddi“

Hlutverk skóla er fjölbreytt, við í Grundaskóla leggjum mikla áherslu á að nemendur fái tækifæri til að blómstra á eigin forsendum. Í ár er það árgangur 2008 sem setur upp söngleikinn Úlfur Úlfur, en hann var fyrst sýndur árið 2015. Það krefst hugrekkis, seiglu, frumkvæðis, mikillar ábyrgðar og samvinnu að setja upp söngleik.



Margrét Ákadóttir
Aðstoðarskólastjóri

Saga söngleikja í Grundaskóla er löng og farsæl en fyrsti frumsýndi söngleikurinn Frelsi var sýndur árið 2002. Í kjölfarið komu söngleikirnir Hunangsflugur og villikettir, Draumaleit, Vítahringur, Nornaveiðar, Úlfur Úlfur og Smellur.

Í söngleiknum Úlfur Úlfur kynnumst við persónum úr hinum og þessum ævintýrum. Margar persónur líta dagsins ljós eins og Mjallhvít, Gosi og grísirnir þrír ásamt mörgum litríkum karakterum. Söngur, dans og tjáning eru allsráðandi ásamt einstaklega fallegum búningum og leikmynd.

Nemendur og starfsfólk sem að söngleiknum standa hafa lagt mikinn metnað í verkið til að það verði að veruleika. Það eru ófáir tímarnir sem liggja að baki enda að mörgu að hyggja. Nemendur eru með mismunandi hlutverk í verkefninu en allir nemendur árgangsins taka þátt á einn eða annan hátt, enda um lokaverkefni þeirra að ræða. Hlutverkin eru m.a. búningahönnun, dans, söfnun styrkja, gerð kynningarefnis, söngur, myndataka, fjölmiðlavaktir og margt fleira.

Við í Grundaskóla erum einstaklega heppin með foreldra/forráðamenn og er þeirra vinna í tengslum við söngleikinn ómetanleg. Einnig hafa fyrirtæki og einstaklingar stutt okkur með fjárhagslegum stuðningi, það ber að þakka.

Fyrir hönd Grundaskóla óska ég ykkur góðrar skemmtunar og óska nemendum og starfsfólki til hamingju með metnaðarfulla og glæsilega sýningu. Framtíðin er björt með unga fólkið okkar í fararbroddi.

Margrét Ákadóttir,
aðstoðarskólastjóri.

# Hvað er uppáhalds ævintýrið þitt eða ævintýrapersóna?

Spurt og svarað í Grundaskóla




## Þökkum eftirfarandi fyrirtækjum kærlega fyrir stuðninginn!

| | |
|---|---|
| Trésmiðja Akraness ehf | GÞ tréverk |
| Sandslundur slf | Mönsvagninn |
| Gallerý Snotra ehf | Verkís |
| Verslunin Einar Ólafsson ehf | Skagaverk |
| Trésmiðjan Akur | Fasteignasalan Hákot |
| Steðji ehf | Akrafjall ehf |
| Iceland Seafood int. hf | Markstofa ehf |
| GP vélar ehf | Hár stúdío |
| Fasteignasala Vesturlands | HM pípulagnir ehf |
| Karen Lind Ökukennari | Fjölbrautaskóli Vesturlands |
| Rakarastofa Hinriks | Hans og Gréta |
| Contact hárstofa | Verslunin Bjarg |

# „Eins og að gera upp á milli barnanna sinna“

### Viðtal við leikstjórann Einar Viðarsson

**Hvernig lentir þú í þessum bransa?**
Ég lenti svolítið í þessum bransa vegna þess ég lét plata mig á leiklistaræfingu þegar ég var í framhaldsskóla og í rauninni sogaðist inn í þennan heim og byrjaði að leika. Svo þegar fram liðu stundir og ég hóf störf hér í Grundaskóla, þá bara var þessi leiklistaráhugi ofboðslega mikið til staðar, aldrei slökknað. Svo fórum við félagarnir hérna af stað í að vinna og setja upp söngleiki og ég hef bara verið í því síðan.



Einar Viðarsson
Leikstjóri

**Hver eða hvað hafði þau áhrif að þú vildir gera söngleiki?**
Mér finnst bara svona vinna ofboðslega skemmtileg, og að sjá nemendur blómstra og dafna á sviði. Það er svo uppskeran sem hvetur mann áfram við að standa í svona verki aftur og aftur.

**Hafðir þú áhuga á leiklist þegar þú varst yngri?**
Nei ekki beinlínis, ekki fyrr í raun og veru að ég prófa að fara á svona leiklistaræfingu. Þá í raun og veru kviknar allt í einu áhuginn. Jú ég hafði alveg gaman af leikritum og svoleiðis að horfa á. Ég hafði aldrei gefið sjálfum mér tækifærið að prófa og það var kannski ekki eins mikið af tækifærum hér á Akranesi þegar ég var enn yngri. En áhuginn var, myndi ég segja, alltaf til staðar í undirmeðvitundinni.



Úr uppsetningu FVA Láttu ekki deigan síga Guðmundur

**Hvaða söngleikur, af þeim sem þú hefur samið, er í uppáhaldi hjá þér og af hverju?**
Þetta er nú bara eins og að gera upp á milli barnanna sinna. Ég eiginlega veit ekki hvað ég á að segja, þeir hafa bara allir sinn sjarma. Kannski getur maður sagt, akkúrat mómentið sem við tölum saman er það Úlfur úlfur, hann er svolítið ofarlega í huga. En hann er ekki frekar í uppáhaldi en aðrir, eins og ég sagði hafa þeir allir sinn sjarma.

**Hversu marga söngleiki hefur þú samið?**
Á ég ekki að segja 7-8 eitthvað svoleiðis 8-9 verk sem við höfum samið.

**Hver er uppáhalds persónan þín í Úlfur úlfur?**
Enn og aftur, maður á ekki að gera upp á milli barnanna. Nei, ég segi bara pass.

**Hvaða persóna í Úlfur úlfur finnst þér áhugaverðust?**
Sko, Úlfurinn er náttúrulega svaka áhugaverður. Vegna þess að hann er í svo mikilli innri baráttu við sjálfan sig, hann langar að vera góður en það er svo stutt í það að hann sé bara rándýr.

**Hvaða atriði finnst þér skemmtilegast í Úlfur, úlfur?**
Ég veit ekki hvað eg á að segja, þetta rennur allt í eitt hjá mér. Mér finnst eiginlega skemmtilegasta atriðið við allan söngleikinn þegar fólk er tilbúið að standa upp og klappa fyrir þeim sem eru búin að sýna.

**Af hverju söngleik en ekki bara venjulegt leikrit?**
Það er nú bara kannski vegna þess að það var svo rík tónlistarsaga í Grundaskóla þegar þetta verkefni hefst. Líka það er svo ögrandi að takast á við sjálfan sig bæði í leik og söng. Með þessum verkum náum við kannski að hvetja nemendur til að takast á við sjálfa sig og þora meira vegna þess að með því að taka þátt í þessu þarftu að syngja.
Þetta er bara líka ofboðslega skemmtilegt tjáningarform sem í rauninni nemendur blómstra í og sýnir nemendum hvað þeir virkilega geta gert.



Í hlutverki tannlæknisins í Litlu Hryllingsbúðinni

**Ef þú værir ekki að setja upp söngleiki hvað værir þú þá að gera?**
Sem kennari finnst mér skemmtilegast að kenna stærðfræði, en veit það ekki, kannski eitthvað allt annað.

**Hvað myndir þú segja við krakka sem vilja verða frægir leikarar í framtíðinni?**
Það er bara möguleiki fyrir alla. Ég náði aldrei að komast í gegn og reyndi það kannski ekki mikið. En fólk á bara að reyna og gefa þessu séns.



Útsýnið úr leikstjórastólnum 24. janúar

# Tímavélin

## Nemendur úr sýningunni 2015 teknir tali

**Hvernig fannst þér að taka þátt í svona verkefni?**
Mér fannst það mjög gaman, það var mikið í gangi og krefjandi æfingar og maður sá einhvern veginn aldrei endann á þessum æfingum. En um leið og við byrjuðum að sýna leikritið þá var þetta algjörlega þess virði.



Þór Llorens Þórðarson
Gosi

**Ef þú hefðir getað valið hlutverkið þitt hvað hefðir þú valið?**
Ég hefði valið mitt hlutverk - Gosi. Hann er voða frjáls og flæðir í gegnum leikritið og lætur lítið fyrir sér fara en er samt stór karakter í leikritinu.

**Hvert er þitt uppáhalds atriði í leikritinu?**
Þegar Gosi og Úlfurinn fara í samningaviðræður við bókavörðinn þar sem Gosi missir stjórn á sér.

**Hver er þín uppáhalds persóna í leikritinu?**
Ætli það sé ekki Úlfurinn - Hervar náði þeim karakter mjög vel, hafði gaman af honum.

**Ertu með einhver ráð fyrir krakkana sem eru að taka þátt í leikritinu í ár?**
Vera óhrædd við að gera mistök, það er „fullt" af hlutum sem munu fara úrskeiðis í ferlinu og mistök í sýningunni, en það mun enginn taka eftir því, bara halda áfram og allt mun fara vel.

**Hvað fékkstu út úr þessu?**
Það að koma fram og leika fyrir framan fullan sal var mjög þroskandi. Sjálfstraustið jókst og þetta styrkti mig sem persónu.

**Breytti söngleikurinn einhverju fyrir félagslífið í unglingadeildinni?**
Ekki mikið í unglingadeildinni, aðallega á yngsta stiginu, maður var mjög vinsæll hjá litlu krökkunum. Það var virkilega fyndið og skemmtilegt.

**Hvað er það eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?**
Ég verð að segja frumsýningin. Það var mikil spenna og stress í hópnum en um leið og við stigum á sviðið var eins og við hefðum aldrei gert neitt annað. Löngu dagarnir saman í Bíóhöllinni voru líka eftirminnilegir. Við eyddum mörgum tímum rétt fyrir sýningu í Bíóhöllinni þar sem leikritið var. Það voru krefjandi dagar en alveg þess virði.

**Hvað finnst þér um þá breytingu að einn árgangur setji upp söngleik?**
Mér finnst það mjög sniðugt. Það mun þjappa árganginum saman og gera hann enn sterkari fyrir vikið.

**Hvað finnst þér um að 10. bekkur sé að setja upp sama leikrit og þú tókst þátt í fyrir 9 árum?**
Mér finnst það bara mjög spennandi og get ég ekki beðið eftir að mæta á leiksýninguna og sjá ungt og hæfileikaríkt fólk stíga sín fyrstu skref í leikbransanum.



**Myndir þú mæla með því að taka þátt í svona verkefni?**
Algjörlega. Þetta er mjög krefjandi ferli og stífar æfingar í kringum þetta en á sama tíma þess virði. Þér er falin mikil ábyrgð og það er hollt að fara út fyrir þægindarammann og prufa eitthvað nýtt því það er ekki oft sem þú færð svona tækifæri. Go for it.

**Hefur þú tekið þátt í öðrum leikritum eftir Úlfur úlfur?**
Nei, ég tók bara þátt í Úlf Úlf.

---

**Hvernig fannst þér að taka þátt í svona verkefni?**
Mér fannst það stórkostlega skemmtilegt og ótrúlega gefandi.



Ylfa Örk Davíðsdóttir
Elsa

**Hvert er þitt uppáhalds atriði í leikritinu?**
Það er erfitt að velja eitt en ég hló alltaf mest af því atriði þegar Kasper draugur og Kvasímódó reyna stöðugt að hjálpa Pétri Pan í ástarerfiðleikum hans án nokkurs árangurs. En ef ég þyrfti að velja eitt uppáhalds þá er það atriðið í kringum lagið Einu sinni var.

**Hver er þín uppáhalds persóna í leikritinu?**
Gosi besti er uppáhalds.

**Hvert er uppáhalds leikritið þitt sem Grundaskóli hefur sett upp?**
Það er Vítahringur sem sett var upp árið 2008.

**Ertu með einhver ráð fyrir krakkana sem eru að taka þátt í leikritinu í ár?**
Já, það er gott að hafa í huga að sama í hvaða hlutverki eða verkefni maður er í tengt leikritinu þá er hver og einn afar mikilvægur í ferlinu til þess að verkið verði að veruleika, því er gott að standa saman öll sem eitt og muna líka að njóta!

**Hvað fékkstu út úr þessu?**
Heilmikið! Ég eignaðist marga góða vini, lærði að vera partur af stórum hópi, öðlaðist reynslu á því að koma fram á sviði og ég fékk aukið sjálfsöryggi.

**Breytti söngleikurinn einhverju fyrir félagslífið í unglingadeildinni?**
Já algjörlega, mér fannst söngleikurinn auka samheldni innan unglingadeildarinnar. Ég var sjálf í 9. bekk þegar ég tók þátt í Úlfur, úlfur árið 2015 og fannst mér félagslífið verða meira fljótandi eftir söngleikinn þar sem maður kynntist krökkum úr 8. og 10. bekk sem urðu í kjölfarið góðir vinir manns innan sem utan skólans.

**Hvað er það eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?**
Gleði, hlátur, leikstjórarnir og krakkarnir í hópnum.

**Hvað finnst þér um þá breytingu að einn árgangur setji upp söngleik?**
Mér finnst frábært að enn sé verið að setja upp söngleiki og það hefur alls ekki komið að sök að aðeins einn árgangur setji þá upp miðað við leikritin síðustu ár eftir breytingarnar. Breytingin er í raun kjörið tækifæri fyrir krakkana að kynnast árganginum sínum enn betur og í öðru ljósi.

**Hvað finnst þér um að 10. bekkur sé að setja upp sama leikrit og þú tókst þátt í fyrir 9 árum?**
Mjög spennandi og ég hlakka mikið til að koma og sjá leikritið sem áhorfandi.



**Myndir þú mæla með því að taka þátt í svona verkefni?**
Já allan daginn, þetta er svo ótrúlega gaman!

**Hefur þú tekið þátt í öðrum leikritum eftir Úlfur úlfur?**
Ég hef ekki leikið í öðru leikriti en ég tók þátt í Með allt á hreinu og Rock of Ages sem Fjölbrautaskóli Vesturlands setti upp. Þá var ég á bakvið tjöldin og það fannst mér einnig sjúklega skemmtilegt.

# Ævintýrakrossgátan




**Lárétt:**

4. Úlfurinn át ömmu hennar (og hana)
5. ... og dvergarnir sjö
6. "Ég kominn er til baka"
7. "Er það bannsettur fógetinn?!"
10. "Gamlar sjúskaðar prinsessur, mætið hingað og haldið að allt sé óbreytt"
11. "Ég er sammála!"
12. Þessir byggðu misgóð hús
13. Hún týndi glerskó
14. "Ég ætla að mása og blása og feykja húsinu ykkar um koll"

**Lóðrétt:**

1. Þessi getur ekki flogið lengur
2. Karlinn með kryppuna er maðurinn
3. "Pétur, það ert þú"
8. Hún svaf í heila öld
9. "Í fyrstu var ég hræddur...."




# Myndasaga




Topp Útlit
-merkingar-

Kallabakarí

# „Held ég geti ekki nefnt neina tölu“

## Viðtal við Eygló Gunnarsdóttur, textílkennara

Hversu lengi hefur þú starfað í Grundaskóla?
Ég hef starfað í Grundaskóla síðan árið 1985 sem eru orðin 39 ár.

Við hvað starfar þú í Grundaskóla?
Þegar ég byrjaði, byrjaði ég sem umsjónarkennari og var umsjónarkennari í 10 ár. Eftir það hef ég verið textílkennari.

Hversu lengi hefur þú verið í búningagerð fyrir söngleiki Grundaskóla?
Fyrsti söngleikurinn sem ég geri búninga fyrir var Vítahringur, sem var settur upp árið 2008.

Hvaða söngleikur finnst þér skemmtilegastur og af hverju?
Ég held mjög mikið upp á Vítahring. Bæði var það tónlistin sem mér fannst svo flott og það var svona dálítið mikið drama í þessari sögu.

Hvað myndir þú segja við krakka sem vilja verða fatahönnuðir í framtíðinni?
Láta drauminn þinn rætast og kýla á það



Hverju þarf maður að huga að þegar maður hannar búninga fyrir söngleik?
Að efnið sem notað er kosti ekki of mikið. Að leikurum líði vel í búningnum og geti gert þær hreyfingar sem ætlast er til í leik og þá snýst það um teygjanleika og sídd. Eins þarf að passa að heildarútlit verði fallegt, litir, þema o.s.frv. Skófatnaður sé við hæfi svo það trufli ekki leikinn, háir hælar o.þ.h. Svo þurfa búningarnir að vera sterklega saumaðir því álagið er oft mikið því búningaskipti þurfa oft að vera hröð. Þessi atriði eru ekki í neinni röð hvað mikilvægi snertir.

Hvað heldurðu að þú hafir saumað marga búninga?
Jesús, þetta var erfið spurning. Þeir skipta sennilega nokkrum hundruðum og ég held ég geti ekki nefnt neina tölu.




YLUR PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
SF Smiðir ehf
VOGIR.IS
Vogir og lagnir ehf • Smiðjuvöllum 17 • 300 Akranesi
GÍSLI JÓNSSON
NÍTJÁNDA
KPMG
Reynir Jóhannsson – Hópferðabílar –
Ritari

# Orðasúpa

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| T | R | A | V | I | S | S | C | O | T | T | Í | V | H | L | L | A | J | M | U |
| F | Z | O | U | T | A | T | Y | R | A | U | Ð | H | E | T | T | A | U | I | S |
| G | M | L | Æ | L | G | O | P | Ð | A | L | S | D | F | G | H | J | K | Ö | F |
| J | L | Ð | A | W | A | L | Æ | C | V | E | V | B | N | M | L | O | N | P | H |
| Y | Ð | R | E | L | S | A | H | D | B | I | S | L | M | R | A | G | P | D | Z |
| R | O | B | H | K | K | A | I | B | Æ | K | U | R | H | L | U | A | B | N | X |
| J | L | N | Ó | Y | M | K | I | T | W | R | G | A | V | R | B | T | H | P | V |
| D | P | D | A | K | P | Æ | E | Ú | Í | I | L | K | J | H | H | N | É | F | C |
| D | E | I | U | Y | A | T | R | E | A | T | S | D | F | R | G | T | E | T | A |
| Ö | C | P | R | I | N | S | E | S | S | A | O | P | Ó | V | U | U | J | D | D |
| S | N | P | V | R | F | P | A | L | V | A | I | I | Æ | R | M | N | Y | A | S |
| K | Q | U | Ð | K | V | B | A | F | M | N | H | V | D | O | L | L | B | Þ | A |
| U | A | Þ | G | R | Í | S | O | B | N | Ö | Ö | A | A | J | U | K | A | Ð | I |
| B | F | Q | G | H | G | Y | W | G | T | S | Ö | N | G | U | R | H | U | K | R |
| U | G | I | O | M | C | T | A | T | U | M | V | V | R | C | Z | U | N | P | Ý |
| S | U | G | G | O | S | I | U | R | Y | Ð | T | Ö | Q | D | B | I | A | R | T |
| K | T | U | W | L | T | R | R | Æ | J | F | Q | R | Ð | K | H | P | X | Y | N |
| A | R | A | G | T | T | S | R | V | L | O | Y | Y | Y | U | M | Y | B | K | I |
| M | Y | Ú | L | F | U | R | U | K | T | R | O | O | Þ | L | R | R | T | J | V |
| G | N | F | R | E | W | S | B | H | P | V | I | N | I | R | V | X | A | F | Æ |

Úlfur
Prinsessa
Pétur
Grís
Bókasafnsvörður
Ævintýri
Hrói Höttur
Bækur
Gosi
Söngur
Leikrit
Bauna
Öskubuska
Vinir
Elsa
Saga
Mjallhvít
Rauðhetta




HAGKAUP

Heill heimur af
snyrtivörum
á hagkaup.is

omnis
VERSLUN AKRANESI

# BRANDARAR

Er þér kalt?
Þá skaltu drífa þig út í horn. Þar eru 90 gráður.

Vissir þú að Drakúla átti lítinn bróður sem var grænmetisæta og hét Rúkóla?

Gengur úrið þitt?

– Nei ég þarf að bera það.

Torfi var handtekinn í bankanum fyrir það eitt að kynna dóttur sína fyrir gjaldkeranum.

– Nú, hvað sagði hann eiginlega?

Þetta er Rán.

Ég er búinn að lækna afa gamla af þeim leiðinda ósið að naga á sér neglurnar.

– Hvernig fórstu að því?

Ég faldi bara fölsku tennurnar hans.

Hvernig veiðir maður flugfisk?
– Nú, í loftnet.

En á hvað veiðir maður saltfisk?
– Auðvitað á saltstöng.

Hvað færð þú ef þú mætir snjókarli sem er vampíra?

– Frostbit!

Hvað sagði pallurinn við hinn pallinn?

– Ég vildi að við værum svalir

Sonurinn: Ég er svangur!

Pabbi: Sæll Svangur ég er kallaður pabbi.

Af hverju fórstu ekki til lögreglunnar með hringinn sem þú fannst?

– Nú, það var letrað í hann: Þinn að eilífu.

Ég hrýt ekki!
Ég er bara að spóla til baka.


ÚRVAL AF VEGGJA- OG LOFTAMÁLNINGU

Veitum ráðleggingar við val á efni

Verslun í heimabyggð




BRESABÚÐ

Kalmansvöllum 1a, 300 Akranes - sími 431-5155

Slippfélagið
Málningarverksmiðja



Guðjón Hagalín Kristjánsson — Úlfur
Guðlaugur Þór Þórðarson — Skapti og Dans
Guðmundur Hrafnkell Daðason — Tæknimaður
Guðrún Ágústa Káradóttir — Skrifta
Hjördís Dögg Grímarsdóttir — Framkvæmdastjórn
Íris Aðalsteinsdóttir — Framkvæmdastjórn
Ísak Davíð Þórðarson — Leikur og Dans



Ísak Logi Jónasson — Markaðsmál
Ísleifur Sturlaugsson — Leikur og Dans
Jenný Lind Hannesdóttir — Söngdíva
Jóhannes Már Daníelsson — Leikur og Dans
Jón Þór Finnbogason — Markaðsmál
Julia Michalek — Grís
Júlía Einarsdóttir — Amman



Jökull Viktor Jakobsson — Leikur og dans
Kara Líf Traustadóttir — Elsa
Karl Magnús Kristjánsson — Leikskrá
Lilja Sól Bjarnadóttir — Fréttakona og Dans
Magnús Orri Olafsson — Leikur og Dans
Margrét Saga Gunnarsdóttir — Tónlistarstjórn
María Erla Björnsdóttir — Kvasímódjó



Nökkvi Snorrason — Leikskrá
Pétur Ófeigur Bogason — Pönkari
Ronja Vala S. Gísladóttir — Grafísk hönnun
Róbert Óttarsson — Markaðsmál
Saga Dís Davíðsdóttir — Leikur og Dans
Sandra Ómarsdóttir — Dansstjórn
Sara Dís Óskarsdóttir — Leikur og Dans



Sigurður Brynjarsson — Hrói Höttur
Silvía Björg Einarsdóttir — Leikur og Dans
Snorri Kristleifsson — Leikskrá
Styrmir Jóhann Ellertsson — Leikur og Dans
Sunna Dís Skarphéðinsdóttir — Aðstoð við Búninga
Sunna Rún Sigurðardóttir — Söngdíva
Sveinn Þór Elinbergsson — Skafti og dans



Sævar Hrafn Sævarsson — Leikur og Dans
Tinna Pálsdóttir — Grís
Vala María Sturludóttir — Söngdíva
Valdís Ramundt Kristinsdóttir — Leikskrá
Vigdís Birna Arnþórsdóttir — Skrifta
Þórkatla Þyri Sturludóttir — Söngdíva
Örn Arnarson — Framkvæmdastjórn

Tryggvi Rafn Ingimarsson — Markaðsmál
Victoria Rachel Zamora — Búningahönnun

# Tímavélin

## Nemendur úr sýningunni 2015 teknir tali



Hervar Gunnarsson
Úlfurinn

**Hvernig fannst þér að taka þátt í svona verkefni?**
Þetta var mjög skemmtilegt og þroskandi.

**Ef þú hefðir getað valið hlutverkið þitt hvað hefðir þú valið?**
Ég var mjög sáttur við mitt hlutverk og hefði valið það fyrirfram.

**Hvert er þitt uppáhalds atriði í leikritinu?**
Atriðið þar sem ég ligg á skurðarborðinu er mér mjög minnisstætt og síðan var „Einu sinni var“ söngatriðið einnig skemmtilegt.

**Hver er þín uppáhalds persóna í leikritinu?**
Er kannski örlítið hlutdrægur en verð að segja Úlfurinn.

**Hvert er uppáhalds leikritið þitt sem Grundaskóli hefur sett upp?**
Verð að setja Hunangsflugur og Villiketti í fyrsta sæti.

**Ertu með einhver ráð fyrir krakkana sem eru að taka þátt í leikritinu í ár?**
Bara að njóta þess að koma fram og hafa gaman af þessu.

**Hvað fékkstu út úr þessu?**
Fyrst og fremst góðar minningar og góða æfingu í sviðsframkomu.

**Breytti söngleikurinn einhverju fyrir félagslífið í unglingadeildinni?**
Já mér fannst fleiri tengsl myndast á milli árganga og mikil stemning í kringum leikritið í allri unglingadeildinni.

**Hvað er það eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?**
Að koma fram á sviði fyrir fjölda fólks og hvað andinn í hópnum var góður.

**Hvað finnst þér um þá breytingu að einn árgangur setji upp söngleik?**
Ég sakna þess smá að sjá alla unglingadeildina setja á svið nýtt stórt leikrit, en hef trú á að þetta fyrirkomulag þétti hópinn meira og fleiri fá kannski að taka þátt.

**Hvað finnst þér um að 10. bekkur sé að setja upp sama leikrit og þú tókst þátt í fyrir 9 árum?**
Bara skemmtilegt og verður gaman að sjá þeirra uppsetningu á leikritinu.

**Myndir þú mæla með því að taka þátt í svona verkefni?**
Já allan daginn, held að allir hafi gott að því að taka þátt í svona verkefni.

**Hefur þú tekið þátt í öðrum leikritum eftir Úlfur úlfur?**
Nei því miður.





Róberta Lilja Ísólfsdóttir
Baunaprinsessan

**Hvernig fannst þér að taka þátt í svona verkefni?**
Þetta er það sem án efa stendur upp úr þegar ég horfi til baka á skólagöngu mína í Grundaskóla. Allt ferlið, frá upphafi til enda, var virkilega skemmtilegt og gefandi og skilaði mér bæði eftirminnilegum minningum og góðum vinum.

**Ef þú hefðir getað valið hlutverkið þitt hvað hefðir þú valið?**
Ætli ég hefði ekki bara valið það hlutverk sem ég fór með, Baunaprinsessuna.

**Hvert er þitt uppáhalds atriði í leikritinu?**
Atriðið í kringum lagið Úlfur úlfur er mitt uppáhalds.

**Hver er þín uppáhalds persóna í leikritinu?**
Ég hef mjög gaman af þeim félögum Gosa og Úlfinum.

**Hvert er uppáhalds leikritið þitt sem Grundaskóli hefur sett upp?**
Ég var með stjörnur í augunum þegar Vítahringur var settur upp árið 2008 en að sjálfsögðu er þó ekki framhjá því litið að Úlfur úlfur er og verður alltaf mitt uppáhalds leikrit.

**Ertu með einhver ráð fyrir krakkana sem eru að taka þátt í leikritinu í ár?**
Fyrst og fremst að hafa gaman af og njóta, því þetta er eitthvað sem mun að öllum líkindum vera ofarlega í huga ykkar þegar þið horfið til baka á grunnskólagönguna.

**Hvað fékkstu út úr þessu?**
Ég var í 8. bekk þegar leikritið var sett upp svo það var kjörið tækifæri fyrir mig til þess að annars vegar, stíga út fyrir þægindarammann og hins vegar til þess að kynnast betur samnemendum mínum í unglingadeildinni.

**Breytti söngleikurinn einhverju fyrir félagslífið í unglingadeildinni?**
Algjörlega, slíkt verkefni krefst auðvitað fyrst og fremst samvinnu og samskipta og sameinaði þannig nemendur á milli bekkja og árganga sem skilaði sér beint inn í félagslífið.

**Hvað er það eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?**
Erfitt að benda á eitthvað eitt en ætli það verði þá ekki bara að vera allt fólkið sem maður kynntist, bæði nemendur og kennarar. Verð sérstaklega að nefna Einar, Flosa og Gunnar og þó nokkur atvik er varða þá félaga en þeir lituðu ferlið talsvert, enda ágætir.

**Hvað fannst þér um þá breytingu að einn árgangur setji upp söngleik?**
Breytingin er góð leið til þess að þjappa árganginn saman og lokar skólagöngunni með eftirminnilegu verkefni, svo fáum við hin líka að njóta góðs af fleiri söngleikjum. Ég hefði hins vegar ekki vilja breyta því að hafa fengið það tækifæri að setja upp söngleik með unglingadeildinni í heild.



**Hvað finnst þér um að 10. bekkur sé að setja upp sama leikrit og þú tókst þátt í fyrir 9 árum?**
Fyrir 9 árum segið þið... Mér fannst virkilega skemmtilegt og spennandi að heyra af því og get ekki beðið eftir því að mæta og sjá útkomuna hjá krökkunum.

**Myndir þú mæla með því að taka þátt í svona verkefni?**
Ég myndi bara mæla stórlega gegn því að taka ekki þátt í svona verkefni, enda brýtur þetta upp hefðbundið bóklegt skólastarf og gefur nemendum kost á að gera eitthvað öðruvísi og skapandi. Uppsetning á slíku verkefni krefst ólíkra eiginleika nemenda og býður þannig upp á að öll ættu að geta fundið hlutverk við hæfi, hvort sem það sé á sviðinu eða vinnan á bakvið tjöldin.

**Hefur þú tekið þátt í öðrum leikritum eftir Úlfur úlfur?**
Því miður fór leikarinn í mér á hilluna eftir Úlfur úlfur.



# Við erum betri saman

# Einu sinni var

Úti í kuldanum ég kætist ei
Kalt á maganum ó svei ó svei
Ég dvaldi daga langa
Með kaldan rjóðan vanga
Allt fullt af snjó

Ég fékk nóg
Ég fékk miklu meir´en nóg
Allt fullt af snjó
Ég fékk gjörsamlega nóg
Ég dvaldi daga langa
Með kaldan rjóðan vanga
Í ógeðslegum snjó
Ég fékk nóg

Hér erum við
Við erum prinsessur
Að ævintýrasið
Við erum prinsessurnar
Hér erum við
Við erum saman fimm
En engin Dimmalimm

Í fyrstu var ég hræddur
Ég var alveg skelfingu lostinn
Án þín mér við hlið ég gat ei lifað

Enginn er hræddur við Kasper
en Kasper er hræddur við þig
Nei, enginn er hræddur við Kasper
því hann er vinur þinn
Kannast einhver við Kasper
hann er svo góður við mig
Nei, enginn er hræddur við Kasper
því hann er sko vinur minn
Do, re, mi, fa, so, la, tí, do..........

Hefur einhver heyrt hvað varð
um vonda fógetann
Helvítið ég vann
– bastarðinn bölvaðan
Með einu góðu skoti
mér tókst að stöðva hann
Fógetann í Nottingham
– Hey ó vei

Hey ó vey og hey ó vei
við sungum allan daginn hei
Hey og vei og hey og
vei og hey og vey
Hey ó vey og hey vei
við sungum allan daginn hei
Svo héldum við áfram
hey ó vei og vorum gay

Bundinn var hann blessaður
og ó hvað hann var stressaður
Við hengdum hann upp í næsta tré
– hey ó vei
Illa var hann dressaður
og bjargarlaus og brjálaður
Við hirtum af honum allt hans fé
- hey ó vei

Hey ó vey og hei vei...

Hér erum við...

Ég var seinn, ungur sveinn
Föðurlaus og yfirgefinn einn
Föðurlaus og yfirgefinn sveinn
Allt var hart og frekar svart
Í sirkusnum ég fékk að gera margt
Já í sirkusnum hans Geira smart
Og hvert sem ég mér snéri
Og hvernig sem ég réri
Og svikinn eins og héri
Með sár sem aldrei greri

Ég laug og laug og laug
Og þumalinn ég saug
út í kalda veröldina svo ég smaug

Fljúgðu, fljúgðu, fljúgðu Pétur
Fljúgðu, fljúgðu eins og þú getur
Fljúgðu, fljúgðu, fljúgðu Pétur
Fljúgðu, fljúgðu eins og þú getur

Manstu eftir því
er kljáðist ég við Kró,ó ók
Ég kauða negldi - ekkert djó,ó, ók
Í Hvergilandi lifði ég og bjó,ó, ó
Og vinstri hendi af Króknum
hjó, ó

Fljúgðu, fljúgðu, fljúgðu Pétur
Fljúgðu, fljúgðu eins og þú getur
Fljúgðu, fljúgðu, fljúgðu Pétur
Fljúgðu, fljúgðu eins og þú getur

Í dag við ætlum að byggja hús,
byggja hús, byggja hús
Í dag við ætlum að byggja hús,
byggja hús, byggja hús
Enginn er hræddur við vondan úlf,
vondan úlf, vondan úlf
Enginn er hræddur við vondan úlf,
vondan úlf, vondan úlf

Ég ætla að mása, og blása og
feykja húsinu ykkar um koll
Já, Ég ætla að mása, og blása og
rústa húsinu ykkar aúúúúúú

Eitt sinn þegar ég var
úti að ganga
Sá ég Rauðhettu
sem var að tína blóm
Leit sem snöggvast
hennar rjóða vanga
Og innsiglaði hennar dauðadóm

En amma lá á sjúkrabeði blúsuð
Og sumir segja þó nokkuð búsuð
Æ þið fyrirgefið mér,
þið fyrirgefið mér
Að ég Rauðhettu
og ömmu hennar át

Æ þið fyrirgefið mér,
þið fyrirgefið mér
Því eftir þetta
maginn minn var mát
Nú gulrætur og
grasafæði kjamsa
Girnist ekki lengur kjöt og bein
Ég hættur er að
éta kjöt og hamsa
Því steikur eru
heimsins banamein

En amma er á sjúkrabeði blúsuð
Og sumir segja töluvert búsuð
Æ þið fyrirgefið mér,
þið fyrirgefið mér
Að ég Rauðhettu og
ömmu hennar át
Æ þið fyrirgefið mér,
þið fyrirgefið mér
Því eftir þetta
maginn minn var mát

Hér erum við...

# Ástin er svo undarleg

Ástin er svo undarleg
Líkt og vindurinn, ósýnileg
Hún er bæði heit og köld,
Heillar mannabörn um ár og öld

Er til ást við fyrstu sýn?
Er hún ef til vill, eitthvað sem dvín
- með tímanum?
Ein er hugmynd handa þér
Ástin er betri en, hatrið fyrir mér

Þú – færð mig til að trúa því
Þú - sýnir mér að ástin er hlý

Vetur, sumar vor og haust
Vandfundin er ást og eilíft traust
Hamingjan er hulin þar
Í heilindum þínum er
- fólgið það svar

Þú – færð mig til að trúa því
Þú - sýnir mér að ástin er hlý
Þú – færð mig til að trúa því
Þú – sýnir mér að ástin er hlý

Er til ást við fyrstu sýn?
Er hún ef til vill,
eitthvað sem dvín?

# Úti er ævintýri

Hér var allt í drasli
Við í tómu basli
Í gangi ýmis plön
Og veruleikinn allur (fór) á skjön

Nú eru allir sáttir
Og opnar ótal gáttir
Nú bíður betri tíð
Blóm í haga og vorin þíð

Og við fögnum og förum á flug
Fljúgum hátt
Fljúgum hátt
Vísum volæði og veseni á bug
Verum sátt
Verum sátt

Það er alveg fríkað!
Það er alveg fríkað!

Hér er ofsa gaman
Hjá okkur öllum saman
Ó, við erum sátt
Og hlæjum hátt og dönsum dátt

Í öllum ævintýrum
Er ritað orðum skýrum
Að allt endar vel
Og við það ég núna dvel

Og við fögnum og förum á flug
Fljúgum hátt
Fljúgum hátt
Vísum volæði og veseni á bug
Verum sátt
Verum sátt

Það er alveg fríkað!
Það er alveg fríkað!

Og við syngjum saman
– það er gaman
Við syngjum saman
– það er gaman
Við syngjum saman
– það er gaman í dag
Já við syngjum saman
– það er gaman
Við syngjum saman
– það er gaman
Við syngjum saman
– það er gaman í dag

Og við fögnum og förum á flug
Fljúgum hátt
Fljúgum hátt
Vísum volæði og veseni á bug
Verum sátt
Verum sátt
Það er alveg fríkað!
Það er alveg fríkað!

ÚLFUR
ÚLFUR

HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG




## Verið velkomin í Húsasmiðjuna á Akranesi

**VIRKIR DAGAR 8:00-17:00**
Timbursala 8:00-12:00 og 13:00-17:00

**LAUGARDAGAR 10:00-14:00**
Timbursala 10:00-14:00

**SUNNUDAGAR LOKAÐ**

# Lokaverkefni árgangs 2008 í Grundaskóla



Undanfarin fjögur ár hefur 10. bekkur unnið lokaverkefni á síðasta ári skólagöngu sinnar. Í ár er það árgangur 2008 sem tekur við keflinu og setur upp söngleikinn Úlfur, úlfur.

Söngleikurinn Úlfur, úlfur gerist á bókasafni þar sem ævintýrapersónur bókanna lifa og hrærast. Í söngleiknum hittum við fyrir gamalkunnar ævintýrapersónur sem hafa áhyggjur af tilveru sinni vegna minnkandi lestraráhuga í samfélaginu. Sagan hefur að geyma margar skemmtilegar og litríkar persónur, hraða atburðarás, kraftmikla tónlist og dans, sem allt blandast saman í skemmtilegan hrærigraut, litaðan ævintýrablæ.

Vonumst til að sjá ykkur öll. Við lofum góðri sýningu!



Um 200 vörubretti voru notuð í stækkun á sviðinu





Þetta er 11. uppfærslan á söngleik sem Grundaskóli stendur fyrir





Foreldrar þátttakenda sáu um stækkun og uppsetningu á sviði







LESTUR ER LYKILL AÐ ÓTAL ÆVINTÝRUM



FORSÍÐAN ER HÖNNUÐ AF NEMENDUM





RISAEÐLUR LÁSU EKKI – NÚ ERU ÞÆR ÚTDAUÐAR





LÍMSTIFTI GEGNDU LYKILHLUTVERKI Í GERÐ SVIÐSMYNDAR









UM 100 MANNS KOMA AÐ VERKEFNINU





Að sýningunni koma 67 nemendur á einn eða annan hátt



Foreldrar sinna ótal störfum bak við tjöldin







Alls stígur 51 nemandi á svið





Nærri 700 nemendur hafa tekið þátt í söngleikjum á vegum Grundaskóla frá upphafi









ALLIR GANGA MEÐ BÓK Í MAGANUM







VEGGIRNIR Í SVIÐSMYNDINNI ERU VEGGFÓÐRAÐIR MEÐ BLAÐSÍÐUM SEM NEMENDUR RIFU ÚR ÓNÝTUM BÓKUM








Í ÁR ERU SÖNGDÍVURNAR 6 TALSINS SEM ER METFJÖLDI







Á Íslandi eru gefnar út flestar bækur í heiminum miðað við höfðatölu







Blindur er bóklaus maður





Sviðsloftið var málað svart fyrir sýninguna





Uppsetning ljósabúnaðar var í höndum fyrrum nemenda Grundaskóla



VIGNIR

HÓTEL LAXÁRBAKKI

LINDEX

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ 1927 SÍMI 431 1500 AKRANESI

BM·VALLÁ Byggjum vistvænni framtíð

ÆGIR

Verkalýðsfélag Akraness

SJAMMI

norðanfiskur

SJÚKRAÞJÁLFUN HILDAR

@home

BORGARVERK

olís

TRÉSMIÐJAN VEGAMÓT sf.






# LAUSNIR VIÐ KROSSGÁTU OG ORÐASÚPU






smart
Vertu smart á Skaganum.
Einfaldaðu lífið með smart #1 sem er rafmagnaður, rúmgóður og tæknilega framúrskarandi. Bíllinn býr yfir einstaklega snjöllu viðmóti með endalausum möguleikum, meðal annars lyklalausu aðgengi, stillanlegri lýsingu í innra rými, vönduðu akstursstoðkerfi og 360° myndavél sem aðstoðar þig við aksturinn.
Með allt að 420 km drægni og 1600 kg dráttargetu sannar smart #1 að rafmagnaður lífstíll og Skagamenn eiga vel saman.
Verð frá 7.290.000 kr.
Vertu öðruvísi. Vertu smart.
Vertu með.
ASKJA
Askja • Krókhálsi 11–13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is
smartaislandi
smartaislandi